

Alþingi
Erindi nr. P/32/1562
komudagur 7.4.2006


Reykjavík, 5. apríl 2006.

Alþjóðahúsinu ehf. hefur borist til umsagnar frá allsherjarnefnd Alþingis, frumvarp til laga um breyting á lögum um vegabréf, 615. mál, ný gerð vegabréfa, nýr útgefandi o.fl.

Að mati Alþjóðahúss er mjög til bóta að útgáfa almennra vegabréfa skuli færast til Þjóðskrár og að í Reykjavík verði sótt um vegabréf hjá lögreglustjóra. Verður ný framkvæmd mjög til að létta sívaxandi vinnuálag á Útlendingastofnun og ætti að auðvelda afgreiðslu stofnunarinnar á dvalarleyfisumsóknum.

Til viðbótar við þær upplýsingar sem nú er aflað vegna útgáfu vegabréfa, verða vegabréf nú gefin út með rafrænum lífkennum. Þess utan verða vegabréfsupplýsingar skráðar í skilríkjaskrá og verða aðgengilegar opinberum stofnunum, auk þess sem áréttuð er heimild til að birta erlendum stjórnvöldum upplýsingar úr skránni er varða glötuð og stolin skilríki. Í ljósi þessa minnir Alþjóðahúsið á gildandi lög um verndun persónuupplýsinga og reglur um öryggi þeirra, sem m.a. kveða á um aðgangsstjórnun, miðlun, varðveislutíma, áreiðanleika upplýsinga o.fl.

Virðingarfyllst,



Margrét Steinarsdóttir
lögfræðingur Alþjóðahúss